

## Limgerðisklippingar

Flestir garðeigendur geta tekist á við einfaldar limgerðisklippingar í garði sínum. Áður en hafist er handa er þó rétt að kynna sér um hvað limgerðisklippingar snúast og hvaða tilgangi þær þjóna. Hér eru einfaldar leiðbeiningar um undirbúninginn, klippinguna sjálfa, verkfærin og öryggi þitt og annarra.

### Tilgangur limgerðisklippinga

Tilgangur limgerðisklippinga er að ná fram og viðhalda ákveðinni lögun, hæð, breidd og þéttleika. Til að koma upp fallegu og þéttu limgerði getur þurft að klippa það nokkrum sinnum á ári. Þegar klippt er reglulega, t.d. 2-4 sinnum á ári, haldast greinarnar grennri og þéttleikinn verður meiri. Sárafötur greina verður einnig minni sem dregur úr hættu á sjúkdómum, s.s. sveppasýkingum.

Mikilvægt er að byrja formun og þéttingu strax eftir gróðursetningu til að ná fram jöfnum vexti frá rótarhálsi til topps. Best er að ákveða strax í upphafi hver endanleg hæð og breidd limgerðis á að verða. Sjálft form limgerðis skiptir miklu máli varðandi þéttleika og styrk gagnvart snjóálagi en er einnig háð smekk hvers og eins. Svo kölluð A formklipping, þar sem limgerðið er breiðast neðst við jörðu en mjókkar inn að ofan er að öllu jöfnu talin best m.t.t. þéttingu hliðargreina. A formið tryggir að sól nái að skína á neðstu hliðargreinar runnans. Limgerði með A formi hrindir einnig betur frá sér snjó og þolir meira álag, t.d. vindálag.

### Hvenær á að klippa

Besti tíminn til limgerðisklippinga er síðla vetrar og fram á vorið, eða þegar greinabygging runnans er best sýnileg. Sumartíminn er einnig heppilegur til klippinga allt fram í ágúst. Heppilegt er að vetrar- eða vorklippingu sé fylgt eftir 2-4 sinnum yfir sumartímann, en það fer eftir vaxtarhraða viðkomandi runnategundar.

### Klippingin

Áður en hafist er handa getur verið gott að yfirfara limgerðið og meta greinavöxt frá liðnu ári. Limgerði sem er í formun þarf að klippa jafnvel þótt endanlegri hæð og breidd hafi ekki verið náð. Það er gert til að þétta greinabyggingu og tryggja að limgerðið verði ekki gisið að neðanverðu. Hliðargreinar hraðvaxta víðitegunda í formun er best að stytta þannig að u.þ.b. 10-15 cm af vexti fyrra árs verði eftir. Ekki er nauðsynlegt að stytta toppinn eins mikið og aðrar greinar, frekar að halda honum jöfnum.

Trjátægundir með svo kölluðum leiðandi stofni, s.s. birki, lerki og greni eru ekki klipptar á hæðina fyrr en óskaðri hæð er náð.

Limgerði sem náð hefur óskaðri hæð og breidd er best að klippa eins nærri síðustu klippingu og mögulegt er. Gæta skal þess að klippa ekki innar en gert var árið áður, nema að um endurnýjun limgerðis sé að ræða.

Gott getur verið að nota stýrilínu við formklippingu á hliðum limgerða. Þá er sett út vel strekt lína meðfram jörðu og í hæfilegri fjarlægð frá stofni. Mikilvægt er að línan sé hvergi þvinguð af greinum eða öðru.

Á eldri limgerðum hafa oft myndast þéttir greinakransar sem hægt er að nota sem viðmið í næstu klippingu.

Við hæðarklippingu limgerða eru sjaldan notaðar stýrilínur, nema að um mjög nákvæmar formklippingar sé að ræða. Best er að staðsetja klippurnar í ákveðna hæð út frá líkama þess sem klippir, t.d. axlarhæð, brjósthæð o.s.frv. Síðan reynir sá sem klippir að "læsa" höndunum í þeirri hæð sem ákveðin var, ganga jöfnum skrefum meðfram limgerðinu og klippa beint. Þetta getur reynst erfitt þegar klippt er á ójöfnu undirlagi en æfingin skapar meistarann. Eftir að toppur limgerðis hefur verið klipptur er gott að ganga meðfram efri hluta limgerðis og jafna hliðarhalla / fláa til að ná fram áður nefndu A formi (sé það hið óskaða form).

Að lokum er mikilvægt yfirfara klippinguna og snyrta með handklippum greinar sem eru illa klipptar, t.d. í þeim tilfellum þegar greinar eru tættar eða hafa ekki klippt í sundur. Einnig er gott að hreinsa burt allar klipptar greinar sem fallið hafa inn í limgerðið eða liggja ofan á greinum.



Myndin sýnir formklipptan gljámispil (*Cotoneaster lucidus*) á lóðarmörkum.

**Samkvæmt ofangreindri lýsingu er æskilegt að framkvæma klippinguna í þessari röð:**

1. Meta þörf á klippingu limgerðisins.
2. Klippa hliðargreinar í beinni línu.
3. Klippa toppa limgerðis, jafnt og beint.
4. Jafna hliðarhalla til að ná fram réttu formi.

## 5. Klippa greinaenda ef þurfa þykir og fjarlægja afklippur.

**Verkfærin:** Vélklippur, bæði bensín- og rafmagnsklippur eru mikið notaðar við limgerðisklippingar, enda gera þær vinnuna nákvæmari og eru fljótvirkar, sérstaklega þegar um grófgerð limgerði er að ræða. Handklippur fyrir limgerði eru þó vel nothæfar og fást bæði með beinu blaði og bylgjótta. Bylgjött blað hentar betur á grófari greinar. Einnig er gott að nota beittar handklippur til að snyrta greinaenda og klippa innan úr dauðar og skemmdar greinar.

**Vélklippur (bensín)** eru öflugustu limgerðisklippur sem fáanlegar eru. Þær eru fáanlegar með einföldu eða tvöföldu blaði. Einnig eru fáanlegar skaftklippur, sem eru vélklippur með löngu skafti og sverði á endanum. Slíkar klippur henta afar vel við klippingu á hærri limgerðum, sérstaklega á hæðina.

Kostir bensín vélklippna eru að þær eru nákvæmar, fljótvirkar og mjög öflugar, t.d. klippa þær auðveldlega sverar greinar í sundur, aftur á móti telst það ókostur að bensín vélklippur eru yfirleitt bæði þungar og hávaðasamar, auk þess að menga andrúmsloftið.

**Vélklippur (rafmagns)** eru fáanlegar í ýmsum gerðum. Hægt er að fá nokkuð öflugar vélar sem ráða við grófar greinar. Rafmagnsklippur eru þó ekki eins öflugar og bensínklippur. Kostirnir við rafmagns vélklippur eru að þær eru léttar, nákvæmar, fljótvirkar, hljóðlátar og nokkuð öflugar. Ókostirnir eru aftur á móti að þær eru háðar rafmagni sem er ekki alltaf aðgengilegt og fólki hættir til að klippa í rafmagnssnúruna.

**Handklippur fyrir limgerði** hafa fyrir löngu sannað gildi sitt. Þær eru ágæt verkfæri sem ráða vel við meðalgrófar greinar. Handklippur eru fáanlegar með breytilegri blaðgerð eftir grófleika greina. Á klippunum er stilliskrúfa til að herða upp á klippunum. Einnig eru höldurnar á klippunum breytilegar, bæði í lengd, sverleika og áferð. Mikilvægt er að klippurnar séu vel beittar þegar klippt er.

Kostir handklippna á limgerði eru að þær eru ódýrar, endingargóðar og umhverfisvænar. Þær eru einnig nákvæmar þegar fólk hefur þjálfast í notkun þeirra. Ókostir þeirra eru að þær ráða illa við sverari greinar, eru seinvirkar og reyna mikið á hendur og úlnliði notandans.

**Greinaklippur / minni handklippur** eru nauðsynlegar öllum sem fást við klippingar. Þær eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Algengastar eru greinaklippur með hreyfanlegum undirkjafi og gormi sem halda klippunum opnum. Greinaklippur eru mikilvægar til að klippa smærri greinar og greinarendar.

### Öryggisleiðbeiningar:

- Allar klippur eru hættulegar og ber að meðhöndla með varúð.
- Við notkun á vélklippum er mikilvægt að nota öryggisgleraugu, því greinaendar geta kastast með miklum krafti frá vélunum.
- Einnig er mikilvægt að nota heyrnarhlífar, sérstaklega þegar um bensínklippur er að ræða.

- Ávallt skal fara gætilega með bensín við áfyllingu. Hellist bensín yfir heita vél getur kveiknað í. Bensín sem hellist yfir gras eða annan gróður getur valdið miklum skaða og mengað jarðveg til lengri tíma.
- Þegar klippt er með rafmagnsklippum þarf að gæta að rafmangssnúrunni til að hún klippist ekki í sundur.
- Gott er að nota sterka vinnuhanska við klippingar.
- Mikilvægt er að geyma allar gerðir limgerðisklippa þar sem börn ná ekki til.